

35

5. gr.

6. marz Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 6. marz 1961.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.

36

10. marz Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Hauks Snorrasonar, ritstjóra, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 10. marz 1961. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Minningarsjóðs Hauks Snorrasonar, ritstjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hauks Snorrasonar, ritstjóra. Hann er stofnaður af vinum og vandamönnum Hauks Snorrasonar og fleiri aðilum.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að veita íslenskum blaðamönnum fjárhagslega aðstoð til styttri náms- og hressingardvalar erlendis.

3. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum, er einstaklingar, fyrirtæki og félög vilja leggja fram. Einnig getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna. Skal allt slíkt fé lagt við höfuðstól sjóðsins.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem nemur nú kr. 70000.00, má aldrei skerða. Skulu ársvextir jafnan lagðir við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn tekur til starfa, en það skal hann gera, þegar  $\frac{3}{4}$  hlutar ársvaxtanna og annarra tekna nægja til þess að uppfylla ákvæði 2. gr. að dómi sjóðsstjórnarinnar, en  $\frac{1}{4}$  ársvaxtanna skal jafnan leggja við höfuðstólinn. Sjóðstjórnin ávaxti fé sjóðsins þannig, eftir því sem unnt reynist, að rýrnun á verðgildi peninga hafi ekki áhrif á eignir sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn, kosnir til 3 ára. Blaðamannafélag Íslands velur þrjá og skal einn þeirra vera formaður sjóðsstjórnarinnar. Tímaritið Samvinnan velur einn mann í stjórnina og vandamenn Hauks Snorrasonar eða afkomendur einn.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn Blaðamannafélags Íslands láta endurskoða reikninga hans og leggja þá fram á aðalfundi félagsins með reikningum þess.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfestast af forseta Íslands.